

Pinggerð

54. landsþing Landsambands hestamannafélaga haldið á Hótel Selfossi 29. og 30. október 2004

Pingforsetar:

Snorri Ólafsson, Sleipni
Bergur Pálsson, Geysi

Ritarar:

Margrét I. Ásgeirsdóttir – aðalritari, Sleipni
Rut Stefánsdóttir, Sleipni

Annað starfsfólk:

Sigrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri LH og Sólveig Ásgeirsdóttir skrifstofu LH, ásamt
góðu hjálparfólki frá hestamannafélaginu Sleipni

Föstudagur 29. október

Formaður LH, Jón Albert Sigurbjörnsson, setti þingið kl. 13:00 föstudaginn 29. október og
bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

Formaður minntist látinna gullmerkishafa, Hjalta Pálssonar fyrrum formanns og Páls A.
Pálssonar fyrrum yfirdýralæknis og annarra látinna félaga. Þinggestir risu úr sætum og
vottuðu látnum félögum virðingu sína.

Pingforsetar voru kjörnir:

Snorri Ólafsson, Sleipni og Bergur Pálsson, Geysi

Ritarar voru kjörnir:

Margrét I. Ásgeirsdóttir – aðalritari og Rut Stefánsdóttir

ÁVÖRP GESTA:

Einar Guðni Njálsson, bæjarstjóri Árborgar.

Ellert B. Schram, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Guðmundur Jónsson, í stjórn Bændasamtaka Íslands.

Hákon Sigurgrímsson frá Landbúnaðarráðuneytinu.

Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri Héraðssambands Skarphéðins.

Eyþór Einarsson frá Félagi hrossabænda.

Pingforseti las upp kveðju til þingsins frá Kristni Guðnasyni, formanni Félags hrossabænda
og skeyti barst frá Grími Gíslasyni á Blönduósi, einnig með kveðjum til þingsins.

Hjalti Jón Sveinsson afhenti bókagjafir; ÍSLENSKI HESTURINN. Jóni Alberti, formanni
LH var afhent eintak og annað var til Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra.

FÉLAGAR HEIÐRAÐIR:

Jón Albert, formaður LH sæmdi sex félagsmenn gullmerki LH fyrir vel unnin störf í þágu hestamennskunnar í landinu. Nýir heiðursfélagar eru eftirtaldir;

Gunnar B. Gunnarsson, Sleipni

Sigurður Gunnarsson, Trausta

Einar Sigurðsson, Háfeta

Haraldur Sveinsson, Smára

Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Smára

Gísli B. Björnsson, Fáki

KJÖRBRÉFANEFND skilar álit:

Kjörbréfanefnd skipaðu: Saga Steinþórsdóttir, Fáki, formaður, Matthías G. Pétursson, Andvara og Bjarni Sigurðsson, Gusti.

Saga Steinþórsdóttir las upp fulltrúa hestamannafélaganna sem hafa tilkynnt sig á þingið.

146 þingfulltrúar höfðu rétt til þingsetu í ár frá 46 hestamannfélögum.

Kjörbréf bárust frá 40 hestamannafélögum fyrir 136 fulltrúa.

Andvari	Matthías G. Pétursson, Oddur Hafsteinsson, Ágúst Hafsteinsson, Halldór Halldórsson, Kristinn Hugason, Hannes Hjartarson, Erling Sigurðsson
Blær	Þórður Júlíusson
Dreyri	Jón Sólmundar, Sigurður Ólafsson
Faxi	Sigurður Ragnarsson, Baldur Björnsson, Ingimar Sveinsson
Fákur	Hulda Gústafsdóttir, Auðunn Valdimarsson, Tómas Ragnarsson, Helga Claessen, Þorgrímur Hallgrímsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Saga Steinþórsdóttir, Jónas Kristjánsson, Ragnar Petersen, Sigurbjörn Bárðarson, Þorvarður Helgason, Maríanna Gunnarsdóttir, Kári Arnórsson, Valdimar Snorrason, Árni Guðmundsson, Anna Sigurðardóttir, Snorri Tómasson
Feykir	Halldór S. Olgeirsson
Freyfaxi	Bergur Hallgrímsson, Jón Bergsson
Funi	Gunnar Egilsson, Jónas Vigfússon
Geysir	Steinunn Gunnarsdóttir, Fjóla Runólfssdóttir, Jón Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Bára Rúnarsdóttir, Bergur Pálsson, Svavar Ólafsson
Glaður	Sigurður Jökulsson, Þórður Ingólfsson
Glæsir	Hreinn Júlíusson
Gnýfari	Iðunn Ósk Óskarsdóttir, Jónas Baldursson
Grani	Hrönn Káradóttir
Gustur	Sveinbjörn Sveinsbjörnsson, Bjarnleifur Bjarnleifsson, Bjarni Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Haraldur Guðfinnsson, Þorsteinn Ragnarsson, Matthildur Kristjánsdóttir, Þóra Ásgeirsdóttir
Háfeti	Kristján Andrésson
Hending	Pétur Ármann Jónsson, Jóhannes Ottóson
Hornfirðingur	Ingólfur V. Ingvarsson, Kjartan Hreinsson
Hringur	Júlíus Baldursson, Stefán Friðgeirsson
Hörður	Guðmundur Björgvinsson, Guðni Indriðason, Þröstur Karlsson, Halldór Guðjónsson, Eysteinn Leifsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Guðjón Magnússon, Marteinn Magnússon
Kópur	Guðbrandur Magnússon, Jón Geir Ólafsson
Léttfeti	Magnús B. Magnússon, Jóhann Þorsteinsson, Guðmundur Sveinsson

Léttir	Kjartan Helgason, Ásmundur Gylfason, Eyþór Jónasson, Höskuldur Jónsson, Úlfhildur Sigurðardóttir, Sigfús Helgason, Ásta Ásmundsdóttir, Guðmundur Tryggvason
Ljúfur	Anna Björg Níelsdóttir, Benedikt G. Benediktsson
Logi	Guðrún Magnúsdóttir, María Þórarinsdóttir
Máni	Snorri Ólason, Vilberg Skúlason, Margeir Þorgeirsson, Þórarinn Þórarinsson, Jón B. Ólsen, Gunnar Pétur Róbertsson
Neisti	Valur K. Valsson, Oddný Gunnarsdóttir
Sindri	Hafðís Þorvaldsdóttir, Guðlaug Þorvaldsdóttir
Skuggi	Ámundi Sigurðsson, Kristján Þ. Gíslason, Halldór Sigurðsson
Sleipnir	Jón S. Gunnarsson, Auðunn Hermannsson, Gunnar Marel Friðþjófsson, Þórður Stefánsson, Steindór Guðmundsson, Gunnar Sveinsson
Smári	Bjarni Birgisson, Guðni Árnason, Haraldur Sveinsson, Helgi Kjartansson
Snæfaxi	Skúli Ragnarsson
Snæfellingur	Sigrún Ólafsdóttir, Skúli L. Skúlason, Guðmundur Ólafsson
Sóti	Ársæll K. Gunnarsson, Jörundur Jökulsson
Stígandi	Eymundur Þórarinsson, Hinrik Már Jónsson, Eyþór Einarsson
Stormur	Sigþór Gunnarsson
Svaði	Símon Gestsson, Birgir Freyr Þorleifsson
Sörli	Sigurður Ævarsson, Björn Bjarnason, Kristín Ingólfssdóttir, Brynja Björk Jónsdóttir, Vilhjálmur Ólafsson, Sólveig Ólafsdóttir
Trausti	Benedikt Gústavsson, Óli Fjalar Böðvarsson
Þjálfí	Marínó Aðalsteinsson, Erlingur Ingvarsson
Pytur	Eiríkur Steinarsson, Gunnar Þórarinsson, Kjartan Sveinsson

KJÖR ÞINGNEFNDA:

Formaður kjörnefndar, Guðmundur Hagalínsson, Gusti, flutti tillögur nefndarinnar um fulltrúa í þingnefndum. Aðrir í nefndinni voru Sigrún Ólafsdóttir, Snæfellingi og Margeir Þorgeirsson, Mána.

Guðmundur vitnaði m.a. í lög LH um hlutverk kjörnefndar og kosningu kjörbréfanefndar:

- 11.2 Auk framangreindra nefnda skipar stjórn LH kjörnefnd þriggja manna eigi síðar en 2 mánuðum fyrir landsþing hverju sinni. Kjörnefnd hefur það hlutverk að gera tillögur til landsþings um fulltrúa í sambandsstjórn, þingnefndir og formenn þingnefnda.
- 11.3 Kjörnefnd skal gera tillögu til stjórnar LH um skipun kjörbréfanefndar eigi síðar en 2 vikum fyrir landsþing hverju sinni.
- 11.4 Hlutverk kjörbréfanefndar er fyrst og fremst að fylgja eftir gr. 4.2 og 4.3 í lögum LH. Sem eru:
 - 4.2. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir: Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 félagsmenn fá þrjá fulltrúa o.s.frv.
 - 4.3. Aðeins sá sem er í hestamannafélagi er kjörgengur fulltrúi viðkomandi sérráðs eða héraðssambands á landsþingi LH. Það er jafnfram skilyrði fyrir kjörgengi að viðkomandi hestamannafélag sé í skilum með gjöld til LH.

Fjárhagsnefnd

Kristinn Hugason, form. Andvara
Snorri Tómasson, Fái
Pórður Ingólfsson, Gláð
Haraldur Guðfinnsson, Gusti
Benedikt Gústavsson, Trausta

Ferða- og umhverfisnefnd

Vilhjálmur Ólafsson, form., Sörla
Guðbrandur Magnússon, Kópi
Elísabet Jóhannsdóttir, Sleipni
Jónas Kristjánsson, Fái
Kolbrún Haraldsdóttir, Herði

Allsherjarnefnd

Kristján P. Gíslason, form., Skugga
Steinunn Gunnarsdóttir, Geysi
Sigpór Gunnarsson, Stormi
Guðjón Magnússon, Herði
Ólöf Guðmundsdóttir, Fái

Laganefnd

Sigurður Ragnarsson, form., Faxe
Guðmundur Björgvinsson, Herði
Kári Arnórsson, Fái
Birgir Freyr Þorleifsson, Svaða
Iðunn Ósk Óskarsdóttir, Gnýfara

Æskulýðsnefnd

Þorvarður Helgason, form., Fái
Gunnar Þórarinnsson, Þyt
Jörundur Jökulsson, Söta
Snorri Ólason, Mána
Ásta Ásmundsdóttir, Létti

Skipulagsnefnd –**Framtíðarskipulag LH**

Þórarinn Þórarinnsson, form., Mána
Jón S. Gunnarsson, Sleipni
Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti
Jón Jónsson, Geysi
Kjartan Helgason, Létti

Keppnisnefnd

Pröstur Karlsson, form., Herði
Tómas Ragnarsson, Fái
Eypór Jónasson, Létti
Bjarnleifur Bjarnleifsson, Gusti
Halldór Sigurðsson, Skugga

Staðlanefnd – Mótahald**(keppnisvellir, aðstaða, aðbúnaður f. hross og keppendur o.fl.)**

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, form., Gusti
Kjartan Hreinsson, Hornfirðingi
Hinrik Már Jónsson, Stíganda
Jökull Helgason, Snæfellingi
Hannes Hjartarson, Andvara

Kynbótanefnd

Jóhann Þorsteinsson, form., Léttfeta
Vilberg Skúlason, Mána
Svavar Ólafsson, Geysi
Sigurður Jökulsson, Gláð
Eymundur Þórarinnsson, Stíganda

Mannvirkjanefnd – Aðbúnaður**hrossa, hesthús, stíur, gerði o.fl.**

Ingimar Sveinsson, form., Faxe
Kristján Andrésson, Háfeta
Gunnar Marel Friðbjófsdóttir, Sleipni
Guðni Árnason, Smára
Þorgrímur Hallgrímsson, Fái

Aðrir þingfulltrúar höfðu frjálst val um hvaða nefnd þeir kusu að starfa í og skráðu sig á mætingalista sem lá frammi hjá formönnum nefndanna.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR:

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH flutti skýrslu stjórnar og vísast til hennar. (Úttekt af kynningu formanns er aftast í þinggerðinni eða frá blaðsíðu 83).

Guðný G. Ívarsdóttir, gjaldkeri LH, fór yfir og útskýrði reikninga LH fyrir árið 2002 og 2003. (Úttekt af kynningu gjaldkera er aftast í þinggerðinni eða frá blaðsíðu 100).

UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA um skýrslu stjórnar og reikninga:

Snorri þingforseti þakkaði Jóni og Guðnýju fyrir góðar kynningar og ágæta stöðu reikninga sem hann sagði að bæri að þakka fyrir.

Opnaði fyrir umræður um skýrslu og ársreikninga.

Ingimar Sveinsson Hvanneyri. Þakkaði góða skýrslu og stöðu mála. Vildi koma fram með að það vantaði fulltrúa í gangtegunðanefnd frá kynbótadómurum.

Porkell Bjarnason. Nefndi að hann hafi sótt þing áður fyrr og haft gaman af. Gleður hann að vera á þessu þingi. Þorkell minntist á fjárhaginn og finnst staða hans vera kraftaverk, að það skuli vera búið að koma honum í almennilegt horf. Formaður og gjaldkeri eigi heiður skilinn – alveg til stór-fyrirmyndar. Varðandi þegnaskylduvinnu sem Jón Albert minntist á þá er það lofsvert. En værum við komin í þá stöðu að geta launað okkar menn ef einhverjir hefðu ekki unnið sjálfboðavinnu? Þakkaði Engilberti fyrir hans orð og hans kjark þegar hann benti á í upphafi að landsmótsstaðurinn / þjóðarleikvangurinn ætti að vera á Hellu. Það geta þó aldrei orðið annað en átök þar sem fólk kemur víða að. Það verður samt að velja stað! Þorkell minntist eldri formanna. Telur hann að ekki nokkur annar komi nú til greina sem formaður LH nema Jón Albert, eins og staðan er. Ber að þakka honum og heiðra með því að kjósa hann aftur sem formann.

Kjartan Helgason Létti á Akureyri. Vitnaði í skýrslu formanns um Skógarhóla; Norðlendingar líta á Skógarhóla sem áningarstað Sunnlendinga og finnst ekki að þeir hafi um þá að segja. Kjartan gerði athugasemd um staðarval Landsmóts 2006. Vitnaði hann í reglur um staðarval fyrir landsmót. Léttismönnum þykir LH hafa brotið reglu með því að úthluta Skagfirðingum en ekki Eyfirðingum á Melgerðismelum Landsmótið 2006. Fannst Kjartani vanta rök með staðarvalinu. Hann spurði að því hvort um stefnubreytingu sé að ræða hjá LH, hvað þetta varðar.

Marteinn Magnússon frá Herði. Óskaði Sleipni til hamingju með 75 ára afmælið og glæsilegt þing. Sagði að undanfarin ár hafi Harðarmenn bent á og sett upp á myndrænan hátt fjármál félagsins og sé gaman að sjá hvernig úr hafi ræst. En alltaf er hægt að benda á ýmislegt sem betur má fara. Gagnrýndi hversu seint reikningar eru á ferðinni og erfitt að nálgast gögnin fyrir þing. Eðlilegt að þingfulltrúar kynni sér ýmis mál fyrir þing þar sem þeir hafi áhuga á að starfa að málum í nefndum. Bar saman ársreikninga 2001 og 2002 og 2003 um æskulýðsmál. Árið 2001 er fé úthlutað í æskulýðsmál en ekki seinni árin. Jafnvel þótt formið sé samræmt hjá ÍSÍ. Þetta er ekki bót þar sem reikningarnir eru ekki eins skýrir og áður. Hvetur stjórnina til að endurskoða þetta. Þakkaði mikinn kraft í starfinu, hvetur stjórn til að setja 8 mánaða uppgjörið í möppuna líka fyrir næsta þing.

Snorri þingforseti lokar umræðum og býður Jóni Alberti að svara spurningum.

Jón Albert Sigurbjörnsson svarar Ingimar: aðeins vinnuhópur sem tekinn er til starfa um gæði gangteygunda, sem hefur það hlutverk að koma málinu af stað. Haft verður samband við fleiri þegar vinnan er komin á skrið.

Svar til Kjartans: Það stendur í lögum LH að stjórn taki ákvörðun um landsmótsstað. Það var bara verið að sækja um þetta eina landsmót og afgreiða ákvörðun um það. Mjög skiptar skoðanir voru um málið í stjórn LH eins og á meðal hestamanna almennt.

Svar til Marteins: Það verður að standa í lögum að það megi taka reikningana út af skrifstofunni áður en þeir eru kynntir og útskýrðir á þingi – þangað til verður ekki farið með reikninga út af skrifstofunni.

Þá var skýrsla stjórnar og reikningar fyrir árið 2002 og 2003 borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

ERINDI: Mannvirkjamál

Ásgeir Margeirsson, formaður mannvirkjanefndar LH kynnti helstu verkefni nefndarinnar en þau eru: Landsmótsstaðall, Íslandsmótsstaðall, Mannvirkjahandbók, teikning af hringvelli og ýmsar fyrirspurnir.

Landsmótsstaðall, helstu þættir:

1. **Keppnisvellir.** Nokkrir mismundandi vellir. Stærð og gerð. Efnisval, yfirborð. Afmörkun. Aðstaða dómara. Fjarlægð milli valla.
2. **Aðstaða dómara.** Dómhús. Dómpallur. Fjarskipti. Rafræn vinnsla. Rafræn birting dóma.
3. **Upphitunarsvæði.** Stærð og gerð, yfirborð. Aðgengi og tengingar við velli. Afmörkun, öryggi.
4. **Áhorfendasvæði.** Stærð og gerð. Fjarlægð frá keppnisvelli. Sitjandi / standandi. Grasbrekkur – halli . Áhorfendafjöldi. Stúkur
5. **Samgöngur.** Bílar – aðkoma. Bílastæði. Kerrur og flutningabílar. Reiðleiðir, aðkoma. Gönguleiðir. Öryggi, aðskilnaður.
6. **Aðstaða keppenda og hesta.** Beitarhólf, vatn. Gisting – tjaldstæði. Hesthús. Afdrep. Upphitunarsvæði. Aðkoma að keppnisvöllum.
7. **Aðstaða almennt.** Snyrtingar. Veitingar. Verslanir. Heildarmynd svæðis. Aðkoma – bílastæði - tjaldsvæði – gönguleiðir – áhorfendasvæði. Upplýsingagjöf til áhorfenda. Risaskjái, internet
8. **Aðstaða – ýmis kerfi.** Fjarskiptalagnir, Internet, þráðlaus tenging. Rafmagn – varaafli. Vatnsveita – gott drykkjarvatn. Frárennsli – rotþrær. Rafmagn fyrir fellihýsi / hjólhýsi
9. **Framtíðarþróun.** Stærri mót, fleiri áhorfendur. Betri samgöngur til og frá svæði. Betri tjaldstæði. Meiri gisting utan svæðis. Áhorfendastúkur. Upplýsingagjöf til áhorfenda. Fjölbreyttari afþreying

Íslandsmótsstaðall, helstu þættir:

1. Keppnisvöllur / vellir
2. Áhorfendastæði
3. Upphitunarsvæði
4. Umferð og aðgengi innan svæðis

5. Dómaraaðstaða
6. Fjarskipti
7. Ýmis búnaður

Mannvirkjahandbók

Handhægar upplýsingar varðandi mannvirki er tengjast hestamennsku, s.s. skipulagsmál, staðlar og reglugerðir, hönnun, leyfisveitingar og framkvæmdir.

Ný reiðvegahandbók tekur til reiðvega og áningarstaða. Stuðningur við verkið kemur m.a. frá Hestamiðstöð Íslands

Mannvirkjahandbók mun innihalda eftirfarandi þætti:

- Hesthús
- Gerði
- Tamningagerði
- Keppnisvellir
- Girðingar
- Hlið
- Reiðhús
- Reiðskálar – Reiðskemmur – Reiðhallir

Teikning af hringvelli

Samþykktar teikningar Jónasar Vigfússonar eru enn í gildi. Vallahönnun hefur þróast og eðlilegt að skoða framhald á þessari vinnu.

Gæðingavöllur – Íþróttavöllur. Guðni Jónsson og Magnús Ólason hafa teiknað nýjan völl, líkan FIPO-velli. Unnið hefur verið eftir þeirri teikningu undanfarið.

Ýmsar fyrirspurnir

- Keppnisvellir / hringvellir
- Gerði og tamningagerði
- Reiðhús
- Eignaskráning
- Að geta skráð fasteignir eins og þær ganga kaupum og sölum (pr. bás eða stíu)
- Augljóslega þörf á mannvirkjahandbók

ERINDI: Skipulagsmál hestamanna:

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH kynnti:

Stjórn LH setti af stað vinnuhóp haustið 2003, sem fékk það veganesti að koma með hugmyndir að vinnuferli til að varða leið LH fram á veginn. Í bréfi til formanns nefndarinnar kom fram: “Vonast er til að á landsþingi LH haustið 2004 geti farið fram gagnleg umræða um þetta viðfangsefni og að vonandi verð samþykkt heildstæð áætlun fyrir stjórn og starfsnefndir til að vinna eftir á komandi árum.”

Í framhaldinu var eftirfarandi ályktun samþykkt á formannafundi LH um miðjan nóvember 2003:

Formannafundur Landssambands hestamannafélaga haldinn í Reykjavík 15. nóvember 2003, samþykkir að stjórn LH haldi áfram þeirri vinnu sem er í gangi í skipulagsmálum, með það að markmiði að á Landsþingi LH á Selfossi 2004 verði kynnt framtíðarskipurit og starfslýsing fyrir LH.

Í skipulagshópnum voru:

Ásgeir Margeirsson, formaður, Gísli B. Björnsson, Guðný Ívarsdóttir, Hulda G. Geirsdóttir, Kristinn Hugason og Þóra Ásgeirsdóttir.

Niðurstöður skipulagshópsins fyrir hestamenskuna í heild voru eftirfarandi:

1. Að helstu aðilar hestamenskunnar stofni með sér „Upplýsingamiðstöð hestamenskunnar” (vinnuheiti) sem verði samstarfsvettvangur, sam-ræm-ingar-aðili og samnefnari hestamenskunnar út á við. Að „Upplýsinga-miðstöð-inni” standi:

- Landssamband hestamannafélaga
- Félag hrossabænda
- Félag tamningamanna
- Bændasamtök Íslands / hrossaræktarráðunautur
- Hólaskóli
- Etv. aðrir aðilar, nú eða síðar

Samstarf þetta felur m.a. í sér að verksvið aðila verði skilgreind og samræming starfs aukin.

2. Að lagðar verði nýjar framtíðaráherslur í starfi LH samfara því samstarfi og samræmingu sem stofnun „Upplýsingamiðstöðvar hestamenskunnar” hefur í för með sér.
3. Að ein samtök hestamenskunnar kunni að vera góð lausn til framtíðar litið, **en að þessi lausn sé a.m.k. ekki tímabær nú.**
4. Að óbreytt ástand í skipulagsmálum hestamanna sé ekki álitlegt, af mörgum ástæðum.
5. Að landslið og Landsmót ehf. verði sameinuð, etv. með aðkomu fleiri aðila, í Landsmót – heimsleika ehf.
6. Að fagna beri hvers konar samstarfi innan hestamenskunnar.
7. Að stofnanir hins opinbera starfi nánar með félagasamtökum greinarinnar á vettvangi „Upplýsingamiðstöðvar hestamenskunnar”.

Megináherslur LH yrðu:

I. Keppnisíþróttin:

- ☐ Mannvirkjamál; vellir, brautir, keppnisbúnaður
- ☐ Dómaramál; íþróttar- og gæðingadómarar
- ☐ Agamál
- ☐ Keppnir- og keppnisreglur
- ☐ Mótahald, þ.m.t. skráning árangurs / tölfræði / MótaFengur
- ☐ Landsmót, landslið og heimsleikar

III. Almenningsíþróttin:

- ☐ Reiðvegamál / reiðleiðir / áningarstaðir / umferðar- og öryggismál
- ☐ Umhverfismál / beitarmál
- ☐ Ferðamál
- ☐ Æskulýðsmál
- ☐ Mannvirkjamál; hesthús, reiðhús, gerði, girðingar, hlið, skipulagsmál

III. Samskiptamál:

- ☐ Samskipti við aðra aðila í hestamennsku
- ☐ Menntun
- ☐ Fræðslumál / reiðskólar
- ☐ Aðild að fagráði í hrossarækt

Hið opinbera og önnur félög og samtök sinna eftirfarandi verkefnum:

I. Kynbætur hrossa og búrekstur:

- ☐ Kynbótastarf
- ☐ Afurðamál
- ☐ Fræðsla um kynbætur og búrekstur
- ☐ Gæðamál

II. Menntun og fagfélag atvinnumanna (eða fagfélög):

- ☐ Menntunarmál á framhalds- og háskólastigi
- ☐ Fagmál atvinnumanna við tamningar, þjálfun og sýningar

III. Aðkoma hins opinbera að hestamennsku:

- ☐ Átaksverkefnið
- ☐ Hestamiðstöð Íslands
- ☐ Umboðsmaður íslenska hestsins

Í máli formanns kom fram að skipulagsmál séu búin að vera á dagskrá mörg undanfarin ár. Þær skipulagsbreytingar sem ræddar hafa verið á undanförunum árum hafi nánast allar komið að frumkvæði LH. Það hefur ekki verið áhugi annarra að einfalda félagskerfi hestamanna. Stjórn LH hefur í framhaldi af því snúið sér að innri málum með auknum krafti. Þess vegna var þessi vinnuhópur skipaður og hans niðurstöður nauðsynlegar við áframhaldandi vinnu.

Þær skipulagsbreytingar sem stjórnin er að vinna að, eru fyrst og fremst hugsaðar til að efla starfsemi LH og auka möguleika starfsnefnda á að sinna sínum verkefnum. Stjórn LH er staðráðinn í að styrkja stöðu LH á öllum sviðum hestamenskunnar og tryggja að samtökin geti sinnt þeim verkefnum sem þau hafa staðið fyrir. Góð staða fjármála LH hefur gefið byr í seglin.

Í framhaldinu var ákveðið að stofna þingnefnd sem færi yfir skýrslu skipulagshópsins og tillögur stjórnar LH um áframhaldandi vinnu að skipulagsmálum LH.

TILLÖGUR TIL ÞINGSINS lagðar fram og vísað til nefnda:

Þingforseti gerði grein fyrir fundi sem hann átti með formönnum nefnda þingsins og að þeir hefðu komist að samkomulagi um eftirfarandi vísun tillagna til nefnda:

Tillaga á þingskjali nr. 1		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 2		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 3		Ferða- og umhverfisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 4		Ferða- og umhverfisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 5		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 6		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 7		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 8		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 9		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 10		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 11		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 12		Ferða- og umhverfisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 13		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 14		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 15		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 16		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 17		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 18		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 19		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 20		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 21		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 22		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 23		Allsherjarnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 24		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 25		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 26		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 27		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 28		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 29		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 30		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 31		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 32		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 33		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 34		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 35		Keppnisnefnd
Tillaga á þingskjali nr. 36		Staðlanefnd
Tillaga á þingskjali nr. 37		Laganefnd

Kaffihlé

Nefndarstörf hefjast

Laugardagur 30. október

Pingforseti, Snorri Ólafsson setti fundinn klukkan 9. Gengið var til dagskrár, nefndir skila álitum, umræður og afgreiðsla

NEFNDIR SKILA ÁLITI:

KYNBÓTANEFND

Jóhann Þorsteinsson formaður nefndarinnar flutti fundargerð. Alls störfuðu 18 manns í nefndinni. Engin tillaga lá fyrir kynbótanefnd. Formaður varpaði fram þeirri spurningu hvort of mörg kynbótahross séu á Landsmóti?

Fyrst var rætt um 7 vetra og eldri hryssur. Lágmarkseinkunn er nú 8,10, spurning er að hækka þessi mörk (8.05 árið 2002). Rætt um að hækka mörkin. Nefndarmönnum fannst hryssurnar ekki standa alveg undir væntingum á Landsmóti 2004.

Í þessum flokki eiga að vera afrekshryssur og hækka mörkin í það minnsta í 8.20.

Aðrir flokkar: 6 vetra hryssur. Ályktað um að hækka mörkin í 8.05. Einnig var rætt um að hækka mörkin í 5 vetra flokki hryssna í 8,00. Almenn ánægja var með 4 vetra hryssur, þ.e. 7,85.

Ályktað var í nefndinni um að merkja kynbótavellina greinilegar þ.e. lengd 180 metrar.

Í nefndinni var rætt um ræktunarbússýningar á Landsmóti. Nefndarmenn voru sammála um að þessar sýningar þurfi miklu meiri skipulagningu og meiri tíma. Standa þarf betur og markvissara að sýningum og gefa þeim meiri tíma.

Það kom fram að of mikill fjöldi af hryssum séu oft hjá stóðhestum. Óskað er eftir því að fagrað í hrossarækt taki þetta til umræðu, fjalli um hámarksfjölda hryssa og aðbúnað graðhestahólfa.

Kynbótanefnd þingsins styður einhuga að það sé starfandi kynbótanefnd innan LH.

Jónas Vigfússon, Funa, kom með eina athugasemd varðandi lengd kynbótabrautar.

Óformleg ályktun kynbótanefndar um að starfandi sé kynbótanefnd innan LH var borin undir atkvæði: samþykkt samhljóða.

ÆSKULÝÐSNEFND

Formaður og frummælandi: Þorvarður Helgason flutti fundargerð nefndarinnar. Ellefu þingfulltrúar greiddu atkvæði í nefndinni en 13 sátu fundinn. Nefndin fékk til umfjöllunar þingskjöl nr.18, 19 og 20, nýjar reglur um pollaflokk. Fundarmenn voru sammála um að slíkur flokkur eigi að vera frjáls fyrir hestamannafélögin að skipuleggja en ekki sett í reglugerð LH. Fram kemur í stefnu ÍSÍ að börn 10 ára og yngri eigi ekki að keppa til verðlauna. Börn eigi að fá að vera börn og nægur tími til að keppa á þessum grundvelli síðar. Nefndin var sammála um að leggja það til að vísa þessum tillögum frá.

Önnur mál hjá nefndinni voru m.a. fjölbreytni í æskulýðsstarfi hestamannafélaganna og misjafnar aðstæður. Ýmsar hugmyndir voru reifaðar og hvaða möguleikar væru á að efla og styðja við æskulýðsstarfið. Æskulýðsfulltrúar LH hafa hugsað sér að fara ferð um landið í vetur og heimsækja félögin. Á heimasíðu LH er að finna æskulýðssíðu sem er full af góðum hugmyndum sem hægt er að sækja, ásamt ársskýrslum félaganna um æskulýðsstarf. Einnig er hægt að senda inn myndir, sögur og fleira og hvetur Þorvarður félögin til að nýta sér vefinn og senda inn efni.

Næsta sumar stendur LH fyrir stóru alþjóðlegu æskulýðsmóti á vegum FEIF, svonefndu Youth CAMP móti. Það er fjölþjóðlegt hestamót fyrir ungmenni á aldrinum 12 – 17 ára sem haldið er annað hvert ár, þátttakendur koma frá aðildarlöndum FEIF. Þrír unglingar frá hverju landi geta tekið þátt í þessu móti sem verður í eina viku, eða frá 15. til 22. júlí 2005. Gist verður að Heimalandi í Landeyjum en hestar verða að Ármótum í Landeyjum. Fjölbreytt dagskrá verður í boði fyrir þátttakendur s.s. útreiðatúrar, námskeið, gönguferðir, skoðunarferðir, kvöldvökur og margt fleira.

Undirbúningur vegna Youth CAMP er þegar hafinn og vonast æskulýðsnefnd LH eftir samstarfi við hestamannafélögin og að þau kynni vel þennan atburð. Dagskrá Youth CAMP verður bráðlega tilbúin og send út til félaganna til kynningar.

Hugmyndir með móti sem þessu er reyna að efla æskulýðsstarf milli landa og kynna íslenska hestinn. Áhugasamir hafi samband við skrifstofu LH, síma 514 4030 eða á tölvupóstfangi lh@isisport.is.

Jón Albert Sigurbjörnsson benti á að það liggi á borðum bréf til þingmanna um Æskuna og hestinn. Sagðist hann geta fullyrt að þetta sé stærsta uppákoma fyrir utan Landsmót með um 5.000 gesti, jákvæð og glæsileg sýning sem á heiður skilinn. Jón býðst til að fara með æskulýðsfulltrúum í heimsókn til hestamannafélaganna og finnst það mjög þarft verk til að styrkja æskulýðsstarf.

LAGANEFND

Formaður og frummælandi: Sigurður Ragnarsson. Í laganefnd sátu 7 þingfulltrúar. Fyrir nefndinni lá þingskjal nr. 37 frá hestamannafélaginu Herði. Lagt fyrir þingið með breytingum sem þingskjal nr. 37a.

Þingskjal nr. 37a, bls. 73

Þingskjal 37 er nánari útfærsla á verkefni formannafundar og hvert vægi fundarins skuli vera milli landsþinga. Fannst nefndinni fyrri þáttur þingskjalsins hið besta mál en síðari hlutanum voru menn sammála um að breyta, sjá þingskjal 37a bls. 73.

Jón Albert Sigurbjörnsson tók til máls og var efins um e liðinn – að formannafundur fjalli um skýrslur stjórnar og nefnda. Hvað þýðir það?

Sigurður Ragnarsson skýrði frá að nefndin taldi eðlilegt að það sé skilað af sé í einhverju formi ár hvert.

Kristinn Hugason telur skýrsluskil halda mönnum við efnið.

Jón Albert Sigurbjörnsson er með breytingartillögu um að skilað sé yfirliti um skýrslu stjórnar og starfsnefndar.

Þóra Ásgeirsdóttir, Gusti fannst verið að gera úlfalda úr mýflugu. Stjórn ræður hverju sinni í hvaða formi skil á skýrslum sé.

Þóra gerir athugasemd um að á öllum þingskjölum stendur hver sé flytjandi þeirra og síðan hvaða nefnd fékk málið til umfjöllunar. Ekki breytist flytjandi þegar um breytingartillögur frá þeirri nefnd sé að ræða.

Jón Albert dró breytingartillögu sína tilbaka.

Þingskjal 37a borið undir atkvæði og samþykkt.

KEPPNISNEFND

Formaður og frummælandi: Þröstur Karlsson. Alls sátu 36 manns í nefndinni og 33 með atkvæðisrétti. Fyrir nefndinni lágu fyrir þingskjal númer 1, 2, 6, 7, 8, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32 og 33.

Þingskjal nr. 1a

Þingskjal nr. 1, um að taka upp alþjóðareglurnar FIPO í íþróttakeppni á Íslandi, lagt fyrir með smá breytingum frá nefndinni sem þingskjal nr. 1a en “alþjóðlegar keppnisreglur” var bætt við skjalið. Þingskjöl númer 16, 17, 21 detta út ef 1a verður samþykkt.

Jón Albert Sigurbjörnsson telur að tillagan sé tímamótatillaga fyrir Landssamband hestamannafélaga.

Jónas Vigfússon var samþykkur Jóni Alberti um að taka upp FIPO. Leggur til breytingatillögu við þingskjal 1a vegna keppnisvalla, þ.e. að tillagan feli ekki í sér að þeir vellir sem til þessa hafa talist löglegir íþróttakeppnisvellir á Íslandi verði ólöglegir. Einnig nefndi hann að íslenski íþróttakeppni hringvöllurinn hafi hestvænni beygjur en FIPO völlurinn

Sigurður Sæmundsson sagðist ekki alveg sannfærður um vallarmálin sem Jónas ræddi um. Hann hafi mikið keppt á völlum erlendis og líkað vel. Telur ekki að gerðar verði kröfur frá FEIF um að breyta öllum völlum í Íslandi.

Jónas Vigfússon tók aftur til máls og skýrir nánar hestvænar beygjur á íslensku völlum.

Þóra Ásgeirsdóttir þakkaði fyrir það mikla verk sem liggur að baki því að leggja fram FIPO reglurnar og samanburð á íslensku reglunum. Vildi fá að vita meira um knapa í kafla 3 í FIPO reglunum og einnig fannst henni vanta að skýra frá því að það sé gefið í hálfum og heilum tölum í keppni. Þetta vantar og hægt er að spyrja hvað vanti meira í samanburðinn, þótt gott starf hafi verið unnið.

Þröstur Karlsson sagði ýmis verk þurfa að vinna. Ákveðin tillaga sé hjá LH um að skipa 5 manna keppnisnefnd sem fari yfir ýmis mál og vankanta sem þarf að sníða af FIPO reglunum.

Erling Sigurðsson sagðist hafa verið mótfallinn FIPO í gegnum árin en nú sé hann samþykktur þeim. Sagðist sjá mörg tækifæri til áhrifa fyrir okkur Íslendinga. Til þess að við getum breytt einhverju verðum við að vera með og leiðandi. Keppnisnefndin á mikilvægt starf fyrir höndum. Varðandi íslensku vellina þá fannst honum þeir ekki allir góðir.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson hefur lengi spurt að því af hverju Íslendingar hafi haft aðrar reglur en í útlöndum. Vill að við höfum sömum reglur. Tæpti einnig á vallarmálum.

Sigurður Sæmundsson ræddi áfram um vellina og benti á síðu 20 í FIPO. Hefur ekki skilið það þannig að Evrópuvellir séu löglegir en okkar ólöglegir.

Sigurður Ævarsson fannst skýrt kveðið á um í reglunum um hvernig vellirnir eiga að vera, að hans mati.

Þingskjal nr. 1a lagt fyrir fundinn með viðaukanum: Tillaga þessi felur ekki í sér að þeir vellir sem til þessa hafa talist löglegir íþróttakeppnisvellir á Íslandi verði ólöglegir. ***Afgreiðslu frestað þar til gengið var frá því skriflega á þingskjali sem yrði nr. 1b.***

Þingskjal nr. 13, bls. 42

Þingskjal nr. 13 lagt fram óbreytt af keppnisnefnd. Engar umræður urðu um tillöguna.

Þingskjal nr. 13 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 30a, bls. 63

Þingskjal nr. 30a var unnið upp úr þingskjali nr. 30. Því var skipt í fjögur skjöl – a, b, c og d.

Þingskjal nr. 30a borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Þingskjal nr. 30b, bls. 64

Einnig unnið upp úr þingskjali nr. 30 frá Gæðingadómarafélaginu.

Þingskjal nr. 3b borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Þingskjal nr. 30c, bls. 65

Einnig unnið upp úr þingskjali nr. 30 frá Gæðingadómarafélaginu.

Þingskjal nr. 3c borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Þingskjal nr. 30d, bls. 66

Einnig unnið upp úr þingskjali nr. 30 frá Gæðingadómarafélaginu. Keppnisnefnd lagði til að þingskjöl nr. 24 og 25 yrðu skoðuð í sambandi við þessa tillögu.

Þingskjal nr. 3ba borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Þingskjal nr. 14a bls 43, fellur niður með samþykkt þingskjals nr. 30a.

Þingskjal nr. 15, bls. 44

Lagt fram óbreytt frá Keppnisnefnd.

Þóra Ásgeirsdóttir velti fyrir sér ósamræmi í kröfum til barna og reiðmennsku þeirra varðandi keppnisreglur. Leggur til að þingskjalið verði fellt.

Tómas Ragnarsson leggur til að skjalið verði samþykkt.

Þingskjal nr. 15 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt með meiri hluta atkvæða.

Þingskiöl nr. 18, 19 og 20, sjá á blaðsíðum 47- 52, voru dregin tilbaka af hestamannafélaginu Fákí. Ályktun um efni þingskjalanna verður send æskulýðsnefnd LH.

Þingskiöl nr. 24 og 25, sjá á blaðsíðum 56 og 57, dregin tilbaka af hestamannafélaginu Gusti.

Þingskjal nr. 26, bls. 58

Keppnisnefnd lagði til að tillagan yrði felld.

Samþykkt að fella þingskjal nr. 26.

Þingskjal nr. 1b, bls. 30

Aftur tekið fyrir þingskjal nr. 1a, sem er orðið að 1b með viðauka, sjá áður umfjöllun um skjal 1a. Snorri Þingforseti las það upp í heild sinni.

Þóra Ásgeirsdóttir telur málfræðilega vitlaust að nota hann/hún og vill nota orðið knapi.

Kristinn Hugason tekur undir það. Sagði knapi vera íslenskt orð sem er óáháð því hvort knapi sé karl eða kona. Orðið knapi á að koma í stað hann/hún samkvæmt íslensku máli.

Samþykkt af salnum að nota orðið knapi.

Þingskjal nr. 1b borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

Þingskiöl nr. 16, 17 og 21, á blaðsíðum 45-46 og 53, eru ekki lengur til umræðu þar sem FIPO reglur hafa verið samþykktar en þær fjalla um íþróttakeppni.

Pingskjal nr. 2, bls. 31

Keppnisnefnd lagði til að samþykkja þingskjalið. Engar umræður urðu um þingskjalið.

Pingskjal nr. 2 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.

Pingskjal nr. 6a, bls. 35.

Þingskjali nr. 6 var breytt í keppnisnefnd þingsins og lagt fram sem þingskjal nr. 6a. Keppnisnefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson fjallaði um gæðingakeppnina. Taldi að hesturinn keppi en ekki knapinn. Vildi varpa þessu fram.

Hulda Gústafsdóttir svaraði og sagði þetta vera hárrétta ábendingu. Lagði til að knapi tilkynni um forföll hests með þessum fyrirvara. Þróstur breytti orðalaginu; forfallist knapi / hestur....o.s.frv.

Tillagan borin upp með orðalagsbreytingunni.

Pingskjal nr. 6a borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Pingskjal nr. 7, bls. 36.

Keppnisnefnd lagði til að fella tillöguna.

Samþykkt að fella þingskjal nr. 7.

Pingskjal nr. 8, bls. 37

Keppnisnefnd lagði til að samþykkja tillöguna.

Pingskjal nr. 8 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Pingskjal nr. 22, bls. 54

Keppnisnefnd lagði til að þessi tillaga yrði felld.

Samþykkt að fella þingskjal nr. 22.

Pingskjal nr. 28a, bls. 61

Þingskjal 27 og þingskjal 32 snerta þessa tillögu. Keppnisnefnd lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Erling Sigurðsson kvað sér hljóðs og taldi þessa tillögu mjög jákvæða.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson benti á að það væru ekki meira en tvö ár síðan þessum reglum var breytt síðast.

Pingskjal nr. 28a borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Pingskjal nr. 27 og nr. 32, á blaðsíðum 60 og 68, falla niður í kjölfar samþykktar á nr. 28a.

Pingskjal nr. 29a, bls. 62.

Pingskjal nr. 29 lagt fram með breytingum frá keppnisnefnd sem þingskjal nr. 29a. Keppnisnefnd leggur til að þingskjalið verði samþykkt.

Póru Ásgeirsdóttir langaði að heyra rökin fyrir þessari breytingu.

Sigurbjörn Bárðarson útskýrði og sagði að ungmennum sé gefið færi á að vera lengur í sinum flokki áður en komið er að harðri baráttu fullorðinna.

Pingskjal nr. 29a borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Pingskjal nr. 31a, bls. 67.

Pingskjal nr. 31 lagt fram með breytingum frá keppnisnefnd þingsins sem þingskjal nr. 31a.

Pingskjal nr. 31a borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Pingskjal nr. 33, bls 69.

Keppnisnefnd lagði til að skjalið yrði samþykkt óbreytt.

Pingskjal nr. 33 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Að lokum sagði Þróstur að keppnisnefnd ætlaði að koma með ályktun um þingskjöl nr. 18, 19 og 20.

Hulda Gústafsdóttir las áskorunina sem hljóðaði:

Keppnisnefnd samþykkti að beina því til æskulýðsnefndar LH að taka tillögur 18, 19 og 20, sem snúast um reglur í keppni í svokölluðum pollaflokki og gera þær aðgengilegar mótshöldurum sem vilja nota þær með því að setja þær inn á heimasíðu LH

Jón Albert Sigurbjörnsson þakkaði keppnisnefnd fyrir góð störf.

FJÁRHAGSNEFND

Formaður Kristinn Hugason. Fyrir nefndinni lá fjárhagsáætlanir fyrir árin 2005 og 2006. Kristinn skýrði þær og mesta lukku vakti sú ákvörðun fjárhagsnefndar þingsins að hækka laun starfsfólks LH. Nefndin leggur fram tvö ný þingskjöl – nr. 44 og 45.

Pingskjal nr. 38, bls. 74.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 lögð fyrir með fyrrnefndum breytingum frá nefndinni.

Pingskjal nr. 38 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Þingskjal nr. 39, bls. 75.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 lagt fyrir með breytingum frá nefndinni.

Þingskjal nr. 39 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Þingskjal nr. 44, bls. 80.

Fjárhagsnefnd lagði fram nýtt þingskjal um meira og betra aðgengi að ársreikningum LH.

Þingskjal nr. 44 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Þingskjal nr. 45, bls. 81.

Fjárhagsnefnd lagði fram nýtt þingskjal um áherslu þess að reikningsskil samtakanna verði sett fram með sem skýrustum hætti.

Þingskjal nr. 45 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

ALLSHERJARNEFND

Formaður Kristján Þ. Gíslason. Fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 5, 9, 11 og 23. Nefndin leggur til þingskjal nr. 5a, sem breyting við þingskjal 5 og nýtt þingskjal nr. 40.

Þingskjal nr. 5a, bls. 34.

Þingskjal nr. 5 lagt fram með breytingum frá nefndinni sem þingskjal nr. 5a. Tillagan fjallar um að fela stjórn LH að skipa 5 manna nefnd sem hefur það verkefni að skoða reglur um keppnisrétt á Landsmótum.

Þingskjal nr. 5a borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Þingskjal nr. 9, bls. 38.

Tillagan fjallar um að halda tvö Íslandsmót, mót fullorðinna annars vegar og barna, unglunga og ungmenna hins vegar. Mótin teljast sitt hvort mótið. Allsherjarnefnd leggur til að þessi tillaga verði felld. Mikil umræða varð um málið í nefndinni.

Hulda Gústafsdóttir tók til máls um tillöguna og lagði til breytingu um aldurstakmark inn á fullorðinsmótin. Lagði jafnframt til að tillagan yrði samþykkt.

Þóra Ásgeirsdóttir talaði um þversagnir, mjög áríðandi var fyrir nokkrum árum að hafa þetta eitt mót en núna tvö, af hverju? Lagði til að tillagan yrði felld.

Sigurbjörn Bárðarson tók undir orð Huldu.

Þóra Ásgeirsdóttir lagði áherslu á stærð mótsins, Íslandsmót.

Gengið til atkvæða um tillögu allsherjarnefndar um að fella þingskjalið.

Þingskjal nr. 9 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt að fella það.

Pingskjal nr. 11, bls. 40.

Allsherjarnefnd mælti með að tillagan yrði samþykkt en hún fjallar um viðurkennda reiðhjálma.

Kristinn Hugason tók til máls. Taldi tillöguna varasama, hjálmanotkun væri á ábyrgð hvers og eins.

Sigurður Ævarsson mælti með því að tillagan yrði felld.

Hulda Gústafsdóttir, sagði að í FIPO sé talað um viðurkennda reiðhjálma, búið væri að samþykkja FIPO reglurnar. Þarf að haldast í hendur.

Sigurður Sæmundsson talaði einnig um FIPO, viðurkenndur reiðhjálmur á að vera allsstaðar.

Erling Sigurðsson; allir hjálmar sem eru seldir hérlandis eru viðurkenndir. Vill að allir íhaldarar séu með hjálma.

Fjóla Runólfsdóttir talaði um börnin og að fólk eigi að vita að allir eiga að nota hjálm, ekki þurfi lög til þess.

Kristinn Hugason tók undir orð Fjólu, fólk eigi að nota skynsemina en ekki að setja allt í lög. En hjálmar séu samt nauðsynlegir í t.d skeiðgreinum og skeiðkeppni. Maðurinn sjálfur hefur síðasta orðið.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson – hjálmurinn er til að verja höfuðið, en ekki til skrauts. Það verði að vera lágmarkskröfur um hjálma.

Pingskjal nr. 11, borið undir atkvæðagreiðslu þingsins: samþykki 46 og á móti 33.

Pingskjal nr. 23, bls. 55.

Fjallaði um að alþingi lögfesti notkun reiðhjálma. Niðurstaða nefndarinnar var að tillögunni yrði vísað frá á þeim rökum að ekki sé tímabært að leita til Alþingis um lögfestingu þessa.

Þóra Ásgeirsdóttir talaði fyrir tillögunni þrátt fyrir að kalla meg þáð forræðishyggju. Sagði frá myndum af þekktum hestamönnum sem hafa komist í blöðin og eru þeir án hjálma. Þeir væru ekki góðar fyrirmyndir barnanna okkar. Hún mælti með að tillagan verði samþykkt.

Kristinn Hugason ræddi málið og var ekki sammála, samanber fyrri tillagan. Taldi ekki hægt að skylda atvinnumenn til að vera með hjálm. Vildi fella tillöguna.

Þingforseti lagði fram tillögu allsherjarnefndar um að þingskjalinu verði vísað frá.

Pingskjal nr. 23 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt að vísa því frá.

Þingskjal nr. 40, bls. 76.

Nýtt þingskjal sem varð til í allsherjarnefnd um að beina því til stjórnar LH að marka stefnu um framtíðarstaðarval fyrir Landsmót Hestamanna.

Þingskjal nr. 40 borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Hádegishlé

STAÐLANEFND

Staðlanefnd: formaður Sveinbjörn Sveinbjörnsson, las fundargerð nefndarinnar en í nefndinni störfuðu 13 þingfulltrúar. Fyrir nefndinni lá að fjalla um þingskjal nr. 36. Nefndi lagði til að það yrði samþykkt með smá breytingu á orðalagi og var það lagt fram sem þingskjal nr. 36a.

Þingskjal nr. 36a, bls. 72.

Tillaga um breytingu á 9 grein í reglugerð um Gæðingakeppni. Hún myndi hljóða svo: 9. grein.

Vallarstærð:

Gæðingakeppni skal fara fram á 300 m hringvelli og beinni skeiðbraut a.m.k. 175 m langri. Þó er heimilt að keppa á hringvöllum allt niður í 250 m að stærð með a.m.k. 4 m breiðri braut.

Leyfilegir vellir eru:

- Þ-laga vellir, með samliggjandi beinni braut
- A-laga vellir, með samliggjandi beinni braut
- Sérafmarkaðir hringvellir með aðliggjandi beinni braut.

Vellina skal afmarka með girðingum eins og þurfa þykir.

Á landsmóti skal keppt á 300 m hringvelli.

Umræður urðu um orðalagið á tillögunni og komu nokkrir í pontu og ræddu það. Niðurstaðan varð sú að efnislega væru allir sammála um efnið og orðalag skipti ekki öllu þar sem vísað er í teikningu.

Þingskjal nr. 36a borið undir atkvæði og samþykkt.

Einnig lá fyrir nefndinni að fjalla um drög mannvirkjanefndar að landsmótsstaðli og Íslandsmótsstaðli. Staðalanefnd lagði til að mannvirkjanefnd haldi áfram góðri vinnu og skili til stjórnar LH.

Samþykkt samhljóða.

ERINDI: Reiðleiðir á Íslandi

Gunnar Kristjánsson frá Landmælingum Íslands kynnti verkefnið **reiðleiðir.lmi.is** sem unnið er í samstarfi við LH og Vegagerðina að frumkvæði LH. Verkefnið er á vefnum og hefur það að markmiði að safna hnitsettum reiðleiðum og gera þær aðgengilegar almenningi. Hægt að hengja við grunninn mikið af öðrum upplýsingum á leiðinni s.s. ástandi reiðvega, áningastöðum, gistingu, heysölu, takmörkunum og

þannig mætti lengi telja. Vinnan að verkefninu gengur vonum fram og fleiri leiðir verið hnitsettar en vonast var til í upphafi.

Jónas Kristjánsson sagði að hér sé um að ræða mjög merkilegt framtak. Benti á að það liggi tillaga (sem enn hefur ekki verið tekin til afgreiðslu) fyrir þinginu varðandi þessi mál. Lagði áherslu á að mikilvægt sé að taka upplýsingar / kort út af vefnum, að það verði ekki aðeins hægt að setja inn á vefinn. Landmælingar verði að bæta úr þessu. Minntist á reiðleiðir á gömlu Herforingjakortunum. Finnst vanta að elstu Herforingjakortin hafi verið sett inn á vefinn. Landmælingar hafa aðeins tekið upplýsingar af nýrri kortum þar sem reiðleiðum hefur fækkað. Brýnt væri að einfalda aðgengið að vefnum þannig að sem flestar tölvur nái að ráða við vefinn.

Gunnar svaraði og sagði það vera langtímamarkmið að hægt verði að taka út af vefnum. Ekki sé til búnaður til þess í dag. Benti á að slóða er hægt að setja inn eftir á yfir kortin. Vefurinn á að ganga á nokkuð margar tegundir Vafra og ekki hægt að ná til allra eldri véla enda er þróunin mjög ör á þessu sviði.

ERNIDI: Landsmót hestamanna á Hellu 2004

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, formaður stjórnar LM ehf. kynnti.

Landsmót á Hellu var annað mótið þar sem LM ehf. sér um reksturinn en jafnframt var þetta 16. landsmót hestamanna. Meiru var varið í kynningar að þessu sinni, bæði hér heima og erlendis og skilaði það sér í fjölda mótsgesta, sem varð rúmlega 11.500. Gerir það mótið það fjölmennasta til þessa. Fjöldi hrossa miðað við LM 2002 var svipaður fjöldi gæðinga og fjölgun kynbótasýninga en fækkun var á vekringum, tölturum og ræktunarbúum. Í heild var fækkun hrossa.

Mikil vinna lá að baki þess að setja saman dagskránnu og koma öllum atriðum fyrir. Þrátt fyrir vonskuveður helgina áður gekk allt mjög vel og er það ekki síst að þakka frábæru starfsfólki. Bryddað var upp á ýmsum nýjungum s.s. risaskjá, blaði dagsins, hátíðardegi íslenskrar hrossaræktar og stúkum. Kostnaður var um 5,2 milljónir við risaskjáinn en almenn ánægja var með að hafa svo greiðan aðgang að upplýsingum. Nýr aðili sá um veitingar sem var lang besta tilboðið. Menn sammála um að þar þyrfti að gera betur og að næst yrði samið við fleiri enn einn aðila.

Velta mótsins 2002 var 67 milljónir en veltan 2004 er áætluð 95-97 milljónir. Aðgöngumiðasalan skilaði tæpum 62 milljónum en aðrar tekjur hafa hækkað verulega og eru farnar að skipta sköpum.

Ljóst er að rekstur LM ehf. er erfiður á milli landsmóta, það þyrfti að bæta við verkefnum svo hægt sé að hafa starfsmann árið á milli móta til að byggja upp þekkinguna og vera betur undirbúinn. Lítið má út af bera til að um taprekstur verði að ræða. Það verður að muna það þó sæmilega gangi.

Samið hefur verið við Vindheimamela um að halda landsmót 2006.

Sveinbjörn þakkaði að lokum öllum þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til að LM 2004 á Gaddstaðflötum gengi upp.

FERÐA- OG UMHVERFISNEFND

Formaður Vilhjálmur Ólafsson, 14 þingfulltrúar störfuðu í nefndinni. Fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 3, 4, 10 og 12. Nefndin lagði þingskjal nr. 3 fram með smá breytingum sem þingskjal 3a og sömuleiðis þingskjal 10 sem 10a. Einnig lagði nefndin fram tvær ályktanir á þingskjölum 41 og 42.

Þingskjal nr. 3a, bls. 32.

Fjallar um nýja skipan í reiðveganefndir. Þær skulu skipaðar í hverju umdæmi Vegagerðarinnar. Hvert hestamannafélag skal eiga fulltrúa í nefndinni. Nefndirnar skulu velja sér formann. Ferða- og samgöngunefnd LH skal skipuð af formönnum reiðveganefnnda umdæmanna. Reiðveganefndirnar skulu sækja um reiðvegafé ár hvert og vinna framkvæmdaáætlun fyrir sitt umdæmi til a.m.k. fjögurra ára í senn. Þær skulu einnig skila inn framkvæmdarskýrslu ár hvert til skrifstofu LH um þegar unnin verk í sínu umdæmi.

Þingskjal nr. 3a var borið undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

Þingskjal nr. 4, bls. 33.

Nefndin lagði til að tillagan væri samþykkt óbreytt en hún fjallar um að veita stjórn LH heimild til að vinna framkvæmdaáætlanir um reiðvegi til a.m.k. fjögurra ára í senn.

Þingskjal nr. 4 lagt fyrir þingið og samþykkt.

Þingskjal nr. 10, bls. 39.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt. Hún fjallar um að fagnað er samstarfi LH, Landmælinga Íslands og Vegagerðarinnar um söfnun reiðvegahnita og útgáfu reiðvegakorts á netinu. Jafnframt felur þingið stjórn LH að ýta á eftir þeirri endurbót á útgáfunni, að unnt sé að taka hnit heilla leiða af kortinu eða úr töflum tengdum þeim og flytja í heilu lagi stafrænt yfir í GPS-staðsetningartæki.

Þingskjal nr. 10 lagt fyrir þingið og samþykkt.

Þingskjal nr. 12a, bls. 41.

Fjallar um áningarhólf á hálendinu, Umhverfisstofnun og aðrir umsjónaraðilar hálendissvæða eiga að merkja, í samráði við sveitarfélög, upprekstrarfélög, ferðaþjónustu og hestamannafélög viðkomandi svæða, þá staði með fánaveifum, þar sem talið er æskilegt, að hestamenn hafi áningu.

Þingskjal nr. 12a lagt fyrir þingið og samþykkt.

Þingskjal nr. 41, bls. 77.

Ályktun til stjórnar LH um að skora á fjárveitingarvald og ríkisstjórn að auka fjárframlög til reiðvegagerðar og til viðhalds reiðvega verulega frá því sem nú er.

Ályktun á þingskjali nr. 41 borin upp og samþykkt.

Þingskjal nr. 42, bls. 78.

Ályktun til LH um samþykkingu að skora á Vegagerð ríkisins að standa við samkomulag hennar við LH frá 1982 um lagningu reiðvega.

Jónas Vigfússon ræddi um reiðvegagerð og að það séu hestamenn sem leggja reiðvegi en ekki Vegagerðin. Jónasi finnst að Vegagerðin og sveitarfélög eiga að leggja reiðvegi og hestamenn að vera þrýstihópur.

Jónas Kristjánsson fannst að Vegagerðin ætti að standa við loforð sín og kosta af sínu fé lagningu reiðvega t.d. meðfram nýjum vegum.

Ályktun á þingskjali nr. 42 borin upp og samþykkt.

SKIPULAGSNEFND

Formaður Þórarinn Þórarinsson. Nefndin lagði fram nýtt þingskjal nr. 46 - ályktun til stjórnar LH um skipulagsmál hestamanna en þar er fagnað framkominni skýrslu um skipulagsmál Landsambands hestamannafélaga og nefndarmönnum þakkað fyrir gott og metnaðarfullt starf. Þingið beinir því til stjórnar að vinna áfram að skipulagsmálum hestamanna með lög LH að leiðarljósi, þannig að starfsemi LH spanni öll svið hestamennskunnar. Einnig hvetur þingið alla hagsmunaaðila að vinna saman að framgangi hestamennskunnar í víðasta skilningi.

Þóra Ásgeirsdóttir, sagði það mikil vonbrigði á þingi sem þessu að það brenni ekki á mönnum að tala um skipulagsmál hestamanna. Finnst að LH hafi verið að veikjast á mörgum stöðum. LH stendur hvorki að Hestamiðstöð Íslands eða umboðsmanni Íslenska hestsins og er það leitt. Vildi að þingið myndi álykta að samtökin vinni meira með þessum aðilum og Félagi hrossabænda og FT. Miklir peningar hafa farið í þessi stóru verkefni og LH hefur ekkert um það að segja hvernig þessum peningum er varið. Jón Albert las í skýrslu stjórnar að hjá ýmsum aðilum er LH skilgreint mjög þröngt og að það hafi komið fram í fjölmiðlum að stofna ný landsamtök atvinnugreina. LH er 10 þúsund manna samtök sem ætla að halda áfram að vinna að málefnum hestamanna.

Haraldur Þórarinsson fagnar þeirri umræðu sem hér er. Það hefur skort á það að LH hafi farið í naflaskoðun og því tímabært að skoða hvað við viljum gera og vera. Það er verið að reyna að skilgreina samtökin eftir lögum og reglum þess.

Kristinn Hugason fannst ályktunin vera of veik, þurfi beittara orðalag. Lagði fram breytingartillögu og vill leiðrétta málvillu

Breytingartillagan hljóðar svo: 54. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 29. og 30. október 2004 fagnar framkominni skýrslu um skipulagsmál Landssambands hestamannafélaga og þakkar nefndarmönnum fyrir gott og metnaðarfullt starf. Þingið beinir því til stjórnar að vinna áfram að skipulagsmálum hestamanna með lög LH að leiðarljósi, þannig að starfsemi LH eflist og forysta samtakanna sé tryggð innan hestamennskunnar í landinu. Jafnframt hvetur þingið alla hagsmunaaðila til að vinna saman að framgangi hestamennskunnar í víðasta skilningi.

Þóra Ásgeirsdóttir ítrekaði að ekki sé verið að taka stjórn LH af lífi en kemur með dæmi úr íþróttamálum að ef 400 milljónir væru veittar í golf eða knattspyrnu þá væri óhugsandi að ekki væri talað við þeirra sérsambönd.

Ingimar Sveinsson sagði að svo mikill árangur hafi náðst á þinginu með samþykkt FIPO að ekki þurfi að eyða miklum tíma á næstu þingum í keppnisreglnakarp og við getum snúið okkur að þessu máli.

Einar Ragnarsson sagði Þóru hafa hitt naglann á höfuðið í dæmi hennar um fjármuni og önnur íþróttafélög. Því miður telja ráðamenn aðra betur til þess fallna að eyða peningum í íslenska hestinn en Landsamband hestamannafélaga. Styður breytingatillögu Kristins Hugasonar.

Þingskjal nr. 46a, bls 82.

Breytingartillaga Kristins Hugasonar borin undir atkvæðagreiðslu og samþykkt.

MANNVIRKJANEFND

Formaður Ingimar Sveinsson. Nefndin hafði til umfjöllunar drög að mannvirkjahandbók frá mannvirkjanefnd LH. Nefndin leggur fram nýtt þingskjal nr. 43, ályktun/áskorun til stjórnar LH um að halda áfram og flýta því starfi sem í gangi er við útgáfu á mannvirkjahandbók varðandi hrossahald. Mikilsvert er að við undirbúning slíkrar handbókar séu skoðuð sem flest hesthús og hestamannvirki og rætt við aðila til að forðast mistök. Einnig er mikilvægt að tillit sé tekið til séreiginleika íslenska hestsins og að forðast að innleiða erlendar reglugerðir sem eru í andstöðu við þá.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

KOSNINGAR:

Snorri Ólafsson þingforseti bað um afbrigði við þingsköp þannig að atkvæðagreiðsla fari ekki fram skriflega ef aðeins er tilnefnt í þau stjórnarsæti sem kosið er um.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Guðmundur Hagalínsson formaður kjörnefndar kynnti og gerði grein fyrir tilnefningum nefndarinnar.

STJÓRN LH:

- Formaður LH til tveggja ára.** Tillaga kjörnefndar; Jón Albert Sigurbjörnsson, Fáki. Lýst var eftir öðrum tillögum en þær bárust ekki og var hann kosinn með lófataki og þingsalur reis úr sætum.
- Varaformaður LH til tveggja ára.** Tillaga kjörnefndar; Haraldur Þórarinnsson, Sleipni. Lýst var eftir öðrum tillögum en þær bárust ekki. Haraldur var kosinn með lófataki.
- Fimm meðstjórnendur til tveggja ári.** Kjörnefnd stillti þannig upp: Guðný Ívarsdóttir Herði. Einar Ragnarsson, Herði, Sigfús Helgason Létti, Sigurður Ævarsson Sörla, Sigurður Sveinbjörnsson Blæ,

Uppástunga kom frá hestamannafélaginu Geysi um Ingvar P. Guðbjörnsson í stjórn LH.

Ingvar P. Guðbjörnsson kynnti sig fyrir þinginu. Bauð sig fram til stjórnar LH og taldi sig hafa góða reynslu í þessum málum.

Gengið til kosninga.

Snorri þingforseti gerði dagskrárbreytingu til að nýta tímann á meðan talningu stóð.

AFHENDING ÆSKULÝÐSBIKARS LH:

Æskulýðsbíkar LH er veittur því félagi sem sýnir frumkvæði og djörfung í æskulýðsmálum. Var það einróma samþykkt í stjórn og æskulýðsnefnd LH að veita hestamannafélaginu Blæ á Neskaupsstað bikarinn fyrir árið 2004.

Hestamannafélagið Blæ er lítið félag (52 félagar) með mjög öflugt æskulýðsstarf. Innan félagsins er unnið frábært sjálfbodaðstarf, eins og t.d. á æskulýðsdögum og í hestaferðum en í starfinu taka þátt bæði börn og fullorðnir.

Starfsemin hjá þeim er á öllum árstímum og t.d. voru upptökur á tveggja vikna fresti um fjögurra mánaða skeið vel mjög sóttar, bæði fræðsla og samvera. Það sem vakti þó mesta athygli var hversu mikið var gert þrátt fyrir stærð félags og aðstöðuleysi þess, einnig að börn og unglingar voru höfð með í öllu því sem var í boði.

Fulltrúi frá Blæ, Þórður Júlíusson, þakkaði af heilum hug þennan heiður sem Blæ hlötnast.

ÁKVÖRÐUN Á ÍSLANDSMÓTSSTAÐ:

Júlíus Baldursson frá Hring á Dalvík. Hringur hefur farið þess á leit við LH að halda Íslandsmót í hestaíþróttum fullorðinna á Dalvík árið 2007.

Þóra Ásgeirsdóttir frá Hestamannafélaginu Gusti segir félagið hafa þegar sótt um að fá að halda Íslandsmót fullorðinna árið 2006 og Íslandsmót barna árið 2007.

Jón Gunnarsson formaður Sleipnis. Hestamannafélagið Sleipnir sækir um að halda Íslandsmót barna í hestaíþróttum árið 2006.

Þegar er búið að úthluta Íslandsmóti 2005.

Borið undir þingfund. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Næstu Íslandsmót líta því þannig út:

Íslandsmót fullorðinna árið 2005

heldur hestamannafélagið Andvari í Garðabæ

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna árið 2005

heldur hestamannafélagið Máni í Keflavík

Íslandsmót fullorðinna árið 2006

heldur hestamannafélagið Gustur í Kópavogi

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna árið 2006

heldur hestamannafélagið Sleipnir á Selfossi

Íslandsmót fullorðinna árið 2007
heldur hestamannafélagið Hringur á Dalvík

Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna árið 2007
heldur hestamannafélagið Gustur í Kópavogi

ÖNNUR MÁL:

Jón Albert formaður LH. tók til máls. Ræddi um stærð þingsins, hvort það væri of fjölmennt? Vangaveltur, spurning um hvort það eigi að fjölga félagsmönnum bak við hvern þingfulltrúafulltrúa. Kannski sama fjölda eins og á bak við hvern hest á Landsmóti?

Þakkaði Landsmótsstjórn og öllum nefndum LH fyrir vel unnin störf.

Erling Sigurðsson talaði um Landsmót 2004, miklar framfarir hafa orðið og stórbætt aðstaða fyrir gesti og hross.

Þóra Ásgeirsdóttir óskaði formanni og varaformanni til hamingju með endurkjörið. Talaði um knappan tíma sem Landsmót ehf. fékk í umræðu á þinginu. Taldi upp marga góða hluti sem gerðir voru á Landsmótinu á Hellu s.s. risaskjár, vallaraðstaðan og ýmislegt fleira. Þóru fannst verulega þurfa að hugsa dagskrá þingsins upp á nýtt, tímalega séð.

Jónas Kristjánsson tók undir þakkir fólks til Landsmótsins. Hann talaði um matarþáttinn, matsöluna á LM, vill semja um marga smáa aðila t.d. vöflur, kjötsúpa og.fl.

Kristinn Hugason óskaði formanni til hamingju með kjörið. Vill halda fjölda þingfulltrúa á þinginu óbreyttum. Stórir fundir sýna styrk samtakanna.

Hrönn Káradóttir óskaði formanni og varaformanni til hamingju með endurkjörið. Vildi að þinggestir klöppuðu fyrir þingforsetum.

Kosningar, framhald:

Niðurstaða úr kosningu meðstjórnenda í stjórn LH:

- 1) Guðný Ívarsdóttir 128 atkvæði
- 2) Sigurður Ævarsson 126 atkvæði
- 3) Sigfús Helgason 120 atkvæði
- 4) Ingvar P. Guðbjörnsson frá Geysi 104 atkvæði, nýr í stjórn.
- 5) Einar Ragnarsson 89 atkvæði, kemur úr varastjórn

Sigurður Sveinbjörnsson 83 atkv. – fellur úr stjórn.

Fundarstjóri lýsir 5 efstu réttkjörna stjórnarmenn til tveggja ára.

Næst var kosning varamanna í stjórn LH:

- d. **Fimm varamenn til tveggja ára.** Kjörnefnd stillti þannig upp: Halldór Halldórsson, Andvara, Sigrún Valdimarsdóttir, Mána, María Þórarinsdóttir Loga, Þorvarður Helgason Fákí, Hjörtur Einarsson, Neista.

Kjartan Hreinsson kemur með tillögu um fulltrúa í varastjórn - til að gæta jafnvægis í landshlutum stakk hann upp á Sigurði Sveinbjörnssyni úr hestamannafélaginu Blæ.

Önnur mál, framhald á meðan talningu stendur.

Fulltrúi Snæfellinga Sigrún Ólafsdóttir kynnti þá ákvörðun Vestfirðinga að halda fjórðungsmót á Kaldármelum árið 2005.

Jón Geir frá Hestamannafélaginu Kóp á Kirkjubæjarklaustri flutti vísu um mál á þinginu.

Kristján Þ. Gíslason frá Skugga bauð fram Borgarnes sem þingstað fyrir næsta landþing LH 2006.

Þórður Júlíusson frá Blæ saknaði þess að ekkert væri sungið á svona samkomu.

Kosningar, framhald:

Kosningu í varastjórn LH hlutu:

Halldór Halldórsson, 118 atkvæði
Sigurður Sveinbjörnsson, 114 atkvæði
María Þórarinsdóttir, 112 atkvæði
Sigrún Valdimarsdóttir, 108 atkvæði
Hjörtur Einarsson, 103 atkvæði

KOSNING SKOÐUNARMANNA:

Kjörnefnd stakk upp á skoðunarmönnum til næstu tveggja ára:

Ólöf Guðmundsdóttir Fákí
Haraldur Guðfinnsson Gusti.

Samþykkt samhljóma

FULLTRÚAR LH Á ÞING ÍSÍ:

Tillaga kom um að vísa til stjórnar að finna fulltrúa á þingið.

Engar mótbárur bárust og samþykkt samhljóma.

Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH, þakkaði það traust sem honum er sýnt með endurkjöri. Sá uppgangur sem átt hefur sér stað í hestamennskunni á undanförunum árum er fyrst og fremst að þakka gróskumiklu starfi hestamannafélaganna, miklu og óeigingjörnu starfi starfsnefnda LH og góðu starfsfólki. Einnig þakkaði hann þeim stjórnarmönnum sem gengu úr stjórninni fyrir frábært samstarf og bauð nýja stjórnarmenn velkomna í hópinn.

Jón Albert hvatti hestamannafélögin til að skrá sögu sína og halda vel utan um gögn sem geyma merkilega sögu, en elstu hestamannafélögin eru orðin yfir áttrætt.
Hann þakkaði Sleipni fyrir frábært samstarf og öllum sem hafa gert þetta þing eftirminnilegt og þingforsetum afar góða stjórn.
Með þeim orðum sleit hann 54. landsþingi LH.

Þingi slitið klukkan 17:15